

kröfu í búið kr. 15.920.67 sem orlofsgreiðslu, þ. e. a. s. 22 dagar á kr. 715.00 + 2 dagar á kr. 715.00 x 4/30.

Úrslit máls þessa verða því þau, að úrskurða ber sóknaraðilja sem forgangskröfu úr hendi varnaraðilja kr. 53.634.00 ÷ kr. 2.667.60 og ÷ kr. 15.494.27. Og enn fremur kr. 15.920.67, eða samtals samkvæmt því kr. 51.392.80, en eftir atvikum þykir rétt að ákveða, að málskostnaður skuli niður falla.

Því úrskurðast:

Sóknaraðili, Gunnar Möller, hefur forgangsrétt samkvæmt 5. tl., b liðs, 83. gr. skiptalaga nr. 3/1878 í þrotabú varnaraðilja, Kaupfélags Siglifrðinga, fyrir kr. 51.392.80.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 14. júní 1973.

Nr. 95/1973: **Haraldarbúð h/f**

gegn

Stefáni Jónssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar:

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 25. maí 1973, er barst dóminum 13. júní 1973. Gerir sóknaraðili þær dómkröfur, að veittur verði gagnaöflunar-frestur sá, sem synjað var um með úrskurði héraðsdóms.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Lagaheimild skortir til kæru máls þessa, sbr. 21. gr., 1. j. laga nr. 57/1962. Ber því að vísa máli þessu frá Hæstarétti.

Eftir atvikum er rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð :

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 21. maí 1973.

I.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 9. maí s.l., hefur Jón Bjarnason hæstaréttarlögmaður f. h. Haraldarbúðar h/f höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 30. desember 1964, gegn Stefáni Jónssyni, Egilsstöðum, Seltjarnarnesi, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 49.469.84 með 8% ársvöxtum frá 1. janúar 1961 til greiðsludags auk málskostnaðar að mati dómsins.

Af hálfu stefnda hafa þær dómkröfur verið gerðar, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum tildæmdur hæfilegur málskostnaður úr hans hendi.

Sættir hafa verið reyndar í málinu án árangurs.

II.

Málavöxtum er þannig lýst í stefnu orðrétt: „Skuld þessi er eftirstöðvar af vöruúttekt stefnda í verzlun stefnanda á árunum 1955 til 1960, að báðum árum meðtöldum.“ Um málavexti segir svo í greinargerð stefnanda orðrétt: „Stefndi ræðst til starfa hjá stefnanda á árinu 1955 og vann þar til ársloka 1960. Öll þessi 6 ár tók stefndi út vörur í verzlun stefnanda út í reikning. Fékk stefndi jafnan afhentan reikning um hver mánaðamót yfir úttektina og fékk um leið tíu af hundraði í afslátt af mánaðarviðskiptunum, og var nettófjárhæðin færð inn í viðskiptamannabók stefnanda, og er útdrátturinn á dóm skjali nr. 2 úr þeim bókum. Stefndi greiddi inn í reikning sinn peninga árið 1955, 1956, og 1957, en ekkert eftir þann tíma. Kemur þetta allt fram á dskj. nr. 2. Ég ritaði stefnda kröfubréf hinn 10. desember 1964 og tjáði honum, að skuldin væri að fyfnast og yrði hann að semja um greiðslu á henni, þar eð mál yrði höfðað gegn honum að öðrum kosti fyrir árslok 1964. Þessu bréfi sinnti stefndi ekki að koma til viðtals um samninga varðandi greiðslu, og var málshöfðun því óhjákvæmileg.“

Frekari málavaxtalýsingu er ekki að finna af hálfu stefnanda í gögnum málsins.

Dómsskjal nr. 2 er vélritað, óundirritað skjal, sem ber yfirskriftina viðskiptareikningur.

Stefndi hefur komið fyrir dóm og gefið skýrslu. Hann sagðist hafa unnið hjá stefnanda frá sumrinu 1955 til 1. september 1969, en setti þó þann varnagla, að hann myndi þetta ekki nákvæmlega. Hann sagðist ekki muna eftir því, að skriflegir samningar hafi verið gerðir um ráðningu hans og launakjör hjá stefnanda. Hann kveðst hafa fengið föst mánaðarlaun, greidd í lok hvers mánaðar. Verzlunarstjóri stefnanda á þessum tíma, Sveinbjörn Árnason, hafi ráðið hann til starfa. Hann hafi einn gegnt störfum pakkhúsmanns allan starfstíma sinn. Ekki hafi verið um neinn fastákveðinn daglegan vinnutíma að ræða. Hann hafi oft unnið til klukkan 8—9 að kvöldi, en fyrir hann hafi verið lagt að hefja vinnu klukkan 8 að morgni og hafi hann mætt þá í raun. Hann tók fram, að vinnutími hefði verið breytilegur frá degi til dags og þar sem svo langt væri um liðið, myndi hann ekki nákvæmlega, hvenær hann hefði venjulega hætt vinnu að kvöldi. Þegar hann hafi unnið fram til klukkan 8—9 að kvöldi, hafi hann ekki tekið kvöldmatartíma. En auk þess hafi hann stundum þurft að vinna næturvinnu, sem hann taldi hefjast frá klukkan 9 að kvöldi. Um slíka næturvinnu hafi helzt verið að ræða í sambandi við hátíðir. Ekki sagðist hann muna, hvort hann hafi hætt störfum hjá verzluninni, áður en verzlunin hætti starfsemi sinni, en það sagðist hann ekki muna, hvenær hefði verið. Ekki kvaðst hann muna, hve há laun hann hefði fengið greidd við hver mánaðamót, og ekki heldur, hvort hann hafi þá fengið afhentan launa-seðil. Hann sagðist hafa tekið út vörur hjá verzluninni, sem hann hefði ýmist greitt „contant“ eða fengið skrifaðar í reikning. Síðarnefndu úttektirnar hafi hann greitt með efirvinnu sinni. Ekki sagðist hann muna, hvort um þetta hafi sérstaklega verið samið milli hans og verzlunarstjórans. Hann sagðist heldur ekki muna, hvort hann hafi getið þess, er hann fékk skrifaða úttekt á vörum, að þessa úttekt mundi hann greiða með eftirvinnu sinni, og ekki heldur, hvort af hálfu þeirra er vörurnar afhentu, hafi verið gerðar nokkrar athugasemdir að þessu leyti. Hann sagðist ekki muna, hvort hann hefði tekið út vörur vikulega, mánaðarlega eða eitthvað á hverju ári, og ekki heldur, hvort hann hefði fengið afhentan reikning um úttekt við hver mánaðamót, og enn fremur ekki, hvort hann hafi fengið 10% afslátt af úttektinni hjá stefnanda. Hann staðfesti, að auk fastra launa hefði hann átt

að fá greitt fyrir eftirvinnu, sem ávallt hafi verið einhver og stundum mikil. Fljótlega hafi hann hins vegar komið að raun um, að aðeins föstu launin voru greidd í peningum, en aukavinnan tekin af vinnuveitandans hálfu sem eins konar greiði við hann gegn því, að greiði kæmi á móti, en sú fyrirgreiðsla hafi verið í því fólgin, að stefndi hafi mátt taka hóflega út vörur í verzlun stefnanda, hvað hann hafi og gert á móti eftirvinnunni, báðum til gagnkvæmrar ánægju. Með föstum launum ætti hann við laun samkvæmt þágildandi kjarasamningi verzlunarmanna. Ekki kvaðst hann muna, hvort hann hefði einhvern tíma óskað eftir því, að eftirvinna væri greidd í peningum, en ekki þannig, að hann mætti taka út vörur, sem henni næmi. Hann sagði, að með orðinu „vinnuveitandi“ ætti hann við verzlunina. Hann staðfesti, að aldrei hafi verið kvartað yfir því, að úttektin færi fram yfir það mark, sem hún mátti vera vegna yfirvinnunar, og aldrei hafi honum verið sýndur reikningur á áramótum, er sýndi skuld hans við stefnanda, og aldrei hafi hann verið krafinn um neina skuld fyrr en í desember 1964. Hann sagðist minnst þess, að hann hefði greitt einhvern tíma peninga inn á reikning hjá stefnanda, en ekki kvaðst hann muna, hvenær það hafi verið eða hversu mikið. Hann sagðist ekki muna, hvort rétt væri það, sem um þetta segði í greinargerð stefnanda og áður er rakið. Hann sagðist stundum hafa verið einn í eftirvinnunni og stundum hafi aðrir verið við vinnu á sama tíma, annað hvort í pakkhúsinu eða í verzluninni. Hann hafi punktað þessa eftirvinnu hjá sér. Þá punkta hafi hann ekki lengur í fórum sínum. Hann sagðist ekki muna, hvort hann hefði sýnt eða lagt þessa punkta fram um eftirvinnuna fyrir verzlunarstjóra eða annan af hálfu verzlunarinnar, enda hafi hann skrifað eftirvinnuna hjá sér fyrst og fremst sér til minnis. Hann sagði, að verzlunarstjórinn og hann hafi verið svilar. Hann sagði, að pakkhússtarf hans hefði verið margbreytilegt, svo sem að taka upp vörur, fara með vörur í verzlun stefnanda, setja dún í sængur, þvo glugga á verzluninni, hreinsa til í pakkhúsinu, taka upp vörur, sem komu í pakkhúsið, og fleira. Hann sagðist oft hafa verið beðinn að bera vörur inn í verzlunina, til dæmis þunga stranga, sem kvenfólk í verzluninni treysti sér ekki til að bera. Vel gæti verið, að hann hafi einhvern tíma farið með vörur inn í verzlunina af sjálfsdáðum, en sagðist þó ekki muna það sérstaklega. Hann sagðist hafa unnið við margt í eftirvinnunni, en sagðist ekki muna eftir að tilgreina annað í augna-

blikinu en þvott á gluggum verzlunarinnar og upptöku á vörum, sem borizt hefðu rétt fyrir lokun verzlunarinnar, en auk þess hefði hann þurft að fara til að flagga á verzluninni á hátíðum.

III.

Mál þetta var þingfest 12. janúar 1965, og fékk þá stefndi frest til skila á greinargerð, er lögð var fram á hinu reglulega bæjarþingi 2. marz 1965. Síðan fengu umboðsmenn aðilja sameiginlegan frest til öflunar gagna, fyrst til 30. marz s. á. og síðan fresti um tiltekinn tíma, allt frá hálfum mánuði upp í þrjá mánuði í senn. Í samræmi við starfsvenjur hjá borgardómaraembættinu á þeim tíma var málið ætíð tekið fyrir á hinum reglulegum bæjarþingum. Á bæjarþingi 27. maí 1969 var málinu frestað um óákveðinn tíma, og var það í samræmi við breytta starfstilhögun hjá embættinu, sem var fólgin í því, að mál voru látin ganga út af bæjarþinginu, jafnskjótt og greinargerð af hálfu varnaraðilja var komin fram, sátta hafði verið leitað með aðiljum og munnlegur málflutningur ákveðinn. Samkvæmt þessari starfsreglu fá þá umboðsmenn aðilja sameiginlegan frest til öflunar gagna um óákveðinn tíma, málin ganga til yfirborgardómara, sem síðar úthlutar þeim til hinna ýmsu dómara við embættið, er ákveða svo í samræmi við starfshætti sína næstu fyrirtöku málanna. Áður var hins vegar sá háttur á hafður, að mál voru til meðferðar á hinum reglulegu bæjarþingum, meðan á gagnaöflun í þeim stóð, og þá fyrst, er henni var lokið, var málunum úthlutað til hinna einstöku dómara til framhaldsmeðferðar. Þess vegna fóru til dæmis yfirheyrslur fram á ýmsum tímum, öðrum en hinum ákveðnu fyrirtektardögum á reglulegum bæjarþingum, og að þeim loknum gengu málin á ný inn á hið reglulega bæjarþing, þar sem frestir voru teknir á þann hátt, sem að framan segir. Þetta leiddi til þess, að ýmsir dómarar gátu haft meðferð sama máls með höndum, þangað til gagnaöflun í því var lokið. Í samræmi við þessa starfsháttu var undirrituðum dómara falið að halda yfirheyrslur í málinu, og fór þinghald fram í því skyni 1. marz 1968. Fór málið að því búnu aftur til meðferðar á hinu reglulega bæjarþingi í samræmi við það, sem áður er sagt, þar sem umboðsmenn aðilja fengu áframhaldandi sameiginlega fresti til frekari gagnaöflunar, svo sem áður er greint frá.

Þann 19. maí 1972 úthlutaði yfirborgardómari formlega málinu undirrituðum dómara til meðferðar. Þá stóð svo á, að hinn 11. janúar 1971 hafði undirritaður dómari kveðið upp dóm í mál-

inu: Haraldarbúð h/f gegn Björgvin Þorbjörnssyni. Þeim dómi var áfrýjað til Hæstaréttar, og þar sem umboðsmenn aðilja þess máls voru sammála um, að dómur í því máli hefði hugsanlegt fordæmisgildi fyrir önnur mál, þar sem stefnandi var hinn sami, og til meðferðar voru hér fyrir bæjarþinginu, þar á meðal mál það, sem hér liggur fyrir, var ákveðið að hafast ekki að í málinu, fyrr en hæstaréttardómur væri genginn í fyrst nefndu máli. Dómur í því máli gekk í Hæstarétti 21. febrúar 1973. Eftir að endurrit þess dóms var fengið, boðaði undirritaður dómari til þinghalds í máli því, sem hér liggur fyrir, og var það haldið 7. marz 1973. Í því þinghaldi kom fram frávísunarkrafa af hálfu stefnda, en sökum mikilla anna dómarsins reyndist eigi unnt að boða til munnlegs málflutnings um hina framkomnu frávísunarkröfu fyrr en 9. maí 1973. Í því þinghaldi féll umboðsmaður stefnda frá frávísunarkröfu sinni, en neitaði þess í stað beiðni umboðsmanns stefnanda um frekari frest til gagnaöflunar. Var það ágreiningsefni þá tekið til úrskurðar, en áður var umboðsmönnum aðilja gefinn kostur á að tjá sig um ágreiningsefnið.

IV.

Umboðsmaður stefnanda vísaði til niðurlags í endurriti frá þinghaldi 1. marz 1968, þar sem segir, að yfirheyrslum í málinu væri frestað. Þess vegna teldi hann, að ekki hefði þurft að biðja sérstaklega um frekari yfirheyrslur. Annars hafi málið frestast vegna þess, að ákveðið hefði verið að bíða hæstaréttardóms í öðru máli, sem talið hefði verið, að gæti haft fordæmisgildi fyrir þetta mál. Að þeim hæstaréttardómi uppkveðnum hefði málið verið tekið fyrir og þá hefði strax komið fram ósk af hálfu stefnanda um frekari yfirheyrslur. Nú væri hins vegar sérstaklega brýnt vegna mótmæla af hálfu stefnda við gögnum, sem í þessu þinghaldi hefðu verið lögð fram af hálfu stefnanda, að aðiljar og vitni kæmu fyrir dóm til að tjá sig meðal annars um þessi skjöl. Vegna þeirra gagna væri einnig sérstök ástæða til, að stefndi kæmi aftur fyrir dóm, til þess að þau skjöl yrðu borin saman við fyrri framburð hans. Loks vitnaði lögmaðurinn til þess, að í málinu hefði í síðasta þinghaldi verið frestað án athugasemda af hálfu stefnda, svo og, að samkomulag hefði verið um að bíða eftir hæstaréttardómi, svo sem áður er getið.

Umboðsmaður stefnda kvaðst lýsa allri sök á hendur stefnanda vegna dráttar á málinu, minnti á, að mál þetta hefði verið þingfest 12. janúar 1965, en frá þeim tíma hefði stefnandi ekki hlut-

azt til um neina gagnaöflun þangað til í þessu þinghaldi, að hann legði fram áðurnefnd skjöl. Lagði umboðsmaðurinn fram í réttinum afrit af bréfi til yfirborgardómara, dags 11. maí 1967, þar sem þess væri óskað, að hið allra fyrsta færi fram aðilja-yfirheyrsla í þessu máli. Í framhaldi af því hefði stefndi komið fyrir dóm og gefið skýrslu. Því þinghaldi hafi lokið með bókun um, að yfirheyrslum yrði frestað, og því hefði stefnanda verið í lófa lagið að óska eftir frekari yfirheyrslum, enda hefði bókunin gefið fullt tilefni til þess. Umboðsmaðurinn vísaði til skýrslu stefnda í málinu og sagðist ekki sjá, að þörf væri á frekari skýrslu af hans hálfu. Gögn þau, sem umboðsmaður stefnanda vildi nú, að borin væru undir stefnda, hefðu ekki legið fyrir, er hann gaf aðiljaskýrslu sína, og ekki væri komin fram nein skýring á því, hvers vegna þau gögn hefðu ekki legið fyrir á þeim tíma. Loks vísaði lögmaðurinn til bókunar af sinni hálfu í þinghaldi 7. marz 1973 þess efnis, að hann teldi málið vera komið í mikið óefni vegna óhæfilegs dráttar, er stefnandi ætti sök á, og hefði því málið engan veginn verið flutt með hæfilegum hraða, svo sem lög gerðu ráð fyrir. Ekki væri fram komið, að af hálfu stefnanda hafi verið hlutast til um, að gagnaöflun færi fram á þeim langa tíma, sem mál þetta hefði verið til meðferðar. Að öllu þessu athuguðu neitaði hann um frekari frest í málinu.

V.

Við þingfestingu máls þessa voru lögð fram af hálfu stefnanda eftirtalin skjöl: Stefna, tvö vélrituð blöð, er stefnandi kallaði viðskiptareikning, og nr. 3 greinargerð. Frá því að greinargerð af hálfu stefnda var lögð fram í þinghaldi 2. marz 1965, svo sem áður er getið, fór ekki fram nein gagnaöflun af hálfu aðilja málsins, fyrr en stefndi kom fyrir dóm 1. marz 1968 og einnig er áður getið. Í því þinghaldi lágu þess vegna ekki fyrir önnur skjöl en áður eru upp talin. Skjöl þau, sem af hálfu stefnanda voru lögð fram í þinghaldi 9. maí 1973, er munnlegur málflutningur skyldi fara fram um áður framkomna frávísunarkröfu af hálfu stefnda, eru þessi: Þrjár handskrifaðar kvittanir, undirritaðar af Stefáni Jónssyni, dags. 1958 og 1959, þar sem meðal annars segir: „Móttekið fyrir akstur og fleira“. Handskrifuð blöð, samanheft í þrennu lagi og þannig lögð fram og af hálfu stefnanda sögð vera úttektarnótur stefnda. Þessar nótur, sem eru afrit, eru dags. frá 3. nóvember 1958 til 24. nóvember s. á., frá 27. nóvember 1959 til 22. desember 1959 og frá 1. febrúar 1960 til 22. febrúar s. á. Þessum

skjölum mótmælti umboðsmaður stefnda þá þegar í þinghaldinu sem of seint fram komnum, röngum og þýðingarlausum fyrir málið. Er dómari innti umboðsmann stefnanda eftir því, hvort hin nýframlögðu gögn væru þau, sem svonefndur viðskiptareikningur á dskj. nr. 2 byggðist á, svaraði hann því til, að þessi gögn væru sýnishorn um úttekt af hálfu stefnda.

Svo sem nú hefur verið rakið, hefur orðið vítaverður dráttur á gagnaöflun í máli þessu. Engar frambærilegar skýringar hafa komið fram af hálfu stefnanda um það, hvers vegna gögn þau, sem hann óskar nú, að borin verði undir stefnda, sem áður hefur komið fyrir dóminn til skýrslugerðar, lágu eigi fyrir, er það þinghald fór fram. Af hálfu stefnanda er eigi heldur greinilega fram komið, hverra annarra frekari gagna hann hyggst afla, þar á meðal ekki, hver vitni hann hyggst leiða í málinu. En jafnvel þótt slíkt lægi fyrir, hefur stefnandi, svo sem nú hefur verið rakið, haft slík tilefni til hvers konar gagnaöflunar á fyrri stigum málsins, að synja verður frestbeiðni hans, sem nú hefur verið fram borin.

Málskostnaðarkröfur hafa eigi komið fram í þessum þætti málsins.

Úrskurður þessi er eigi fyrr upp kveðinn vegna veikindaorfalla dómara.

Úrskurð þennan kvað upp Björn Þ. Guðmundsson borgardómari.

Úrskurðarorð:

Beiðni stefnanda, Haraldarbúðar h/f, um gagnaöflunarfrest er synjað.
